

Fífilbrekkuhátíðin á Hrauni verður 14. júní nk.

Héraðsáætlanir

Landgræðsla ríkisins vinnur að gerð svonefndra héraðsáætlana sem hafa það að markmiði að leggja mat á núverandi ástand gróðurs og jarðvegs í hverju héraði og afla upplýsinga um stærð svæða með jarðvegsrofi. Eins er aflað upplýsinga um svæði sem henta til endurheimtar og kolefnisbindingar sem og skráð landbrot af völdum fallvatna. Héraðsáætlanirnar snúa að því að marka framtíðarsýn í hverju héraði og forgangsraða verkefnum á grundvelli þessara upplýsinga.

Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér héraðsáætlanagerð Landgræðslunnar er bent á að hafa samband við Sigurlínu Tryggvadóttur, héraðsfulltrúa Landsgræðslunnar á Norðausturlandi, síminn er 464 1924. Netfangið er sigurlina@land.is. Einnig má fá upplýsingar um áætlanagerðina hjá sveitarstjóra.

Ábendingar um slæmt ástand lands og hugsanleg verkefni til úrbóta eru vel þegnar.

Greiðslur fyrir viðhald girðinga

Greiðslur frá Vegagerðinni fyrir viðhald girðinga meðfram vegum byggjast á tilkynningum frá bændum um að árlegu viðhaldi sé lokið.

Láta þarf vita sem fyrst og í síðasta lagi 30. júní nk.

Gleraugu fundust

Í Hlíðarskóla (Skjaldarvík) eru appelsínugul gleraugu, sem fundust á "Skottinu" fyrir skömmu. Sá/sú sem gæti átt þau getur vitjað þeirra í Hlíðarskóla, símar 462 4073 og 462 4068.

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Siv Gørbitz, borgarfulltrúi í Bergen í Noregi, hefur sett í gang sitt eigið átak undir yfirskriftinni „Plukk opp“ í þeim tilgangi að bæta umgengni í borginni. Siv hefur samið við sjálfa sig um að tína upp eitt stykki af rusli á dag, eða 7 á viku, og hefur boðið öðrum að undirrita sambærilega samninga á [þar til qerðri vefsíðu](#). Samkvæmt upplýsingum á síðunni hafa 230 glaðir ruslatíslumenn þegar undirritað slíka samninga, en þar á meðal eru bæði forseti og varaforseti borgarstjórnar. Þegar ruslatíslumennirnir eru orðnir 1.000 talsins, ættu árleg afköst þeirra að nema u.þ.b. 12.000 haldpokum fullum af rusli, sem annars lægi um víðan völl.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 3. júní 2008)

Fréttabréf Hörgárbyggðar

8. tbl., 8. árg., 7. júní 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Sundlaugarframkvæmdir

Tilboð í endurbætur sundlaugarinnar á Þelamörk voru opnuð síðastliðinn fimmtudag.

Tvö tilboð bárust, frá B. Hreiðarssyni ehf., sem bauð 105.603.920 kr. og frá Völvusteini ehf. sem bauð 111.475.758 kr. Tilboðin verða yfirfarin og framhald málsins ákveðið á næstu dögum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið í byrjun desember næstkomandi.

Vinnufundur um þjóðlendukröfur

Þeir landeigendur sem hafa veitt **Ólafi Björnssyni**, lögmanni, umboð vegna þjóðlendukrafna ríkisins eru boðaðir á vinnufund í Þelamerkurskóla fimmtudaginn 12. júní kl. 13:00. Ólafur kemur á fundinn og auk þess Guðmundur Helgi Gunnarsson hjá Búgarði. Megintilgangur fundarins er að færa rétt landamerki jarða inn á kort. Mjög mikilvægt að er að allir viðkomandi landeigendur komi á fundinn til að hægt sé að ganga frá gagnkröfum í málinu. Frestur til þess rennur út 30. júní nk.

Söfnunardagur heyrúlluplasts er 10. júní

Það er síðasta söfnun á heyrúlluplasti (baggaplasti) á þessum vetri

**Í sömu ferð verða áburðarpokar teknir til endurvinnslu
Aðgreina verður ytra og innra byrði pokanna og setja hvort
byrðið í poka**

(ekki hafa þau laus)

Þetta er sama fyrirkomulag og var í fyrra

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is